



Samantekt á samningaviðræðum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga við fjármálaráðherra

Undirritað var samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila 25. mars 2014. Sem viðauki við samninginn var viðræðuáætlun í átta liðum þar sem settar voru niður ákveðnar tímasetningar og vörður um gang viðræðna á milli aðila.

Lítið var um efndir á þeirri viðræðuáætlun af hendi Samninganefndar ríkisins (SNR). Ýmsar ástæður voru tilgreindar fyrir þessum vanefndum á viðræðuáætlun, meðal annars kjaraviðræður við aðra aðila.

Fyrsti fundur samningsaðila var haldinn í lok ágúst 2014. Á öðrum fundi í september 2014 lagði samninganefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) fram áhersluatriði félagsins í samningasviðræðunum. Ekki bárust efnislegar athugasemdir við þessar áherslur af hendi SNR né voru einstök áhersluatriði tekin til umræðu. Hlé var á samningaviðræðum frá miðjum nóvember til byrjun janúar. Á þeim fundum sem haldnir voru í nóvember, janúar og febrúar voru afmörkuð atriði kjarasamnings rædd án þess að stór efnisleg áhersluatriði FÍH væru tekin til umræðu.

Þann 12. mars 2015 lagði FÍH fram ítarlega kröfugerð sína í samningaviðræðum sínum við fjármálaráðherra. Í kröfugerðinni voru tilgreind þau atriði sem FÍH vildi taka til umræðu og fá fram breytingar á í samningaviðræðunum. Einungis fengust munnleg viðbrögð SNR við kröfugerðinni og lagt fram munnlegt tilboð.

Þann 1. apríl vísaði FÍH deildunni til Ríkissáttasemjara í samræmi við heimild í viðræðuáætlun aðila. Haldinn var fyrsti fundur hjá Ríkissáttasemjara 10. apríl 2015. Á þeim fundi fór FÍH aftur yfir ítarlega kröfugerð sína.

Þann 20. apríl, á öðrum fundi hjá Ríkissáttasemjara bárust skrifleg viðbrögð við kröfugerð FÍH. Kröfugerð FÍH var í heild hafnað og helstu atriði hennar endurraðað af SNR.

FÍH boðaði til atkvæðagreiðslu um verkfall í byrjun maí 2015 þar sem sýnt þótti að samningaviðræður myndu litlum sem engum árangri skila án aðgerða. Atkvæðagreiðslan stóð yfir frá 4.-10. maí 2015 og náði hún til 2100 hjúkrunarfræðinga sem starfa á kjarasamningi félagsins við fjármálaráðherra. Verkfall var samþykkt með um 90% atkvæða og var þátttaka í kringum 76%.

Þann 12. maí lagði SNR fram vinnuskjal með heitinu „Meginútlínur kjarasamninga“. Þessu vinnuskjali hafnaði samninganefnd FÍH. Ákveðið var að FÍH myndi leggja fram endurskoðaða kröfugerð á næsta fundi aðila.

Þann 19. maí lagði samninganefnd FÍH fram endurskoðaða kröfugerð þar sem dregið hafði verið talsvert úr kröfum, bæði beinum launakröfum og eins kröfum um ýmis ákvæði kjarasamninga.

Þann 21. maí lagði SNR fram vinnuskjal með heitinu „Viðbrögð við endurskoðaðri kröfugerð FÍH frá 19. maí“. Öllum meginatriðum kröfugerðar var hafnað í vinnuskjalinu án rökstuðnings eða efnislegrar umræðu.

Lítill efnisleg breyting varð á fundum sem haldinn var 25. maí. Verkfall hjúkrunarfræðinga hófst þann 27. maí 2015.

Þann 29. maí lagði SNR fram vinnuskjal með heitinu „Drög að samkomulagi“. Nánast samhljóða samkomulagi á almennum vinnumarkaði. Þessu tilboði hafnaði samninganefnd FÍH og fyrri endurskoðuð kröfugerð FÍH ítrekuð.

Þann 3. júní lagði SNR fram vinnuskjal með heitinu „Umræðupunktur SNR/FÍHj“. Tilboði hafnað af samninganefnd FÍH og fyrri endurskoðuð kröfugerð ítrekuð.

Síðasti fundur samningsaðila var haldinn hjá Ríkissáttasemjara þann 10. júní 2015. Á fundinum kom ekki fram neitt nýtt af hálfu SNR heldur einungis lagður fram sá kostnaðarrámmi sem lagt hefur verið upp með á fyrri fundum.

Í heild hafa verið haldnir 15 fundir á milli samningsaðila þar af 10 fundir eftir að viðræðunum var vísað til Ríkissáttasemjara.

Um kröfugerð hjúkrunarfræðinga, launaþróun og samanburður við aðrar stéttir


Kröfugerð Fíh í samningaviðræðum sínum við fjármálaráðherra inniheldur kröfur varðandi stofnanasamninga, hækkun grunnlauna, yfirvinnu, álag ef unnið er utan dagvinnutímabils, hvíldartíma, bakvaktir, vaktavinnu, afboðun yfirvinnu, matar og kaffitíma dagvinnumanna, skilgreiningar á mismunandi vinnufyrirkomulagi, matar- og kaffitíma, fæði og mótuneyti, orlof, áhöld og vinnuföt, endurmenntun og símenntun, rétt starfsmanna vegna veikinda, öryggi þungaðra kvenna, fjölskyldu og styrktarsjóð, samningsumboð fyrir hjúkrunarnema, forgang hjúkrunarfræðinga að stöfum hjúkrunarfræðinga hjá ríkinu og að lokum bókanir um hlutfall hjúkrunarfræðinga á sjúklinga og notkun á hjúkrunarþyngdarmælingum og aðkomu hjúkrunarfræðinga að stefnumótun í heilbrigðiskerfinu.

Ljóst er að kröfur hjúkrunarfræðinga snúast ekki eingöngu um beinar launahækkanir heldur einnig atriði sem snúa að vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og öðrum atriðum sem snerta daglega vinnu hjúkrunarfræðinga. Ekki hefur fengist efnisleg umræða við SNR um þessi mál.


Fíh hefur lagt fram ýmis töluleg gögn um laun og launaþróun hjúkrunarfræðinga sem rökstuðning fyrir kröfum sínum. Í þessum upplýsingum telur Fíh sig geta sýnt fram á að þrátt fyrir að launaþróun hjúkrunarfræðinga hafi verið góð síðastliðin ár þá er og hefur verið umtalsverður launamunur eða 14-25% á launum hjúkrunarfræðinga við aðrar háskólastéttir. Þá hafa laun hjúkrunarfræðinga í upphafi mælinga þegar tekin er núllstaða á launavísitölu verið með þeim hætti að hækkun hefur skilað sér með umtalsvert lægri krónutölu en til annarra stétta. Myndin breytist auk þess talsvert þegar vísitölu ýmissa stétta og bandalaga er breytt í krónur.

Launaþróun stéttarféлага 2001-2014 byggt á launatölum í nóvember ár hvert


Launaþróun þegar miðað er við krónur, dagvinnulaun 2001-2014




Launaþróun þegar miðað er við krónur, heildarlaun 2001-2014




Þróun launa miðað við launavísitölu, dagvinnulaun 2001-2014



Þróun launa miðað við launavísitölu, heildarlaun 2001-2014



Launaþróun skv. fjármálaráðuneyti 2006-2014



	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
LVT	100,0	108,5	118,2	122,5	128,0	143,3	151,7	160,4	163,0
BHM	100,0	108,7	123,4	124,3	127,1	135,9	144,1	153,1	162,2
BSRB	100,0	108,3	123,1	124,4	130,3	138,4	145,1	155,2	161,0
KÍ	100,0	107,2	123,0	123,5	124,7	134,0	140,2	146,3	167,8
Læknar	100,0	104,9	111,3	110,2	110,3	115,2	117,7	123,8	126,1
Fihj	100,0	106,0	123,6	123,8	123,7	129,8	135,7	150,2	156,2
KTI&KVÍ	100,0	109,5	121,1	121,2	121,5	129,1	140,3	151,1	157,5

Launamunur á hjúkrunarfræðingum og læknum er þegar litið er til dagvinnulauna um 94% en var í lok árs 2014 54%. Launamunur á hjúkrunarfræðingum og skurðlæknum er mun meiri eða í kringum 138%. Í töflu hér að neðan sést samanburður á dagvinnulaunum hjúkrunarfræðinga og annarra stétta, auk samantektar á fjölda stöðugilda í viðkomandi starfstéttum.

Meðaltalslaun stéttarfélag 2014

	Dagvinna	Mismunur á dagvinnu %	Heildarlaun	Mismunur á heildarl. %
Hjúkrunarfræðingar	440.338	0%	625.518	0%
BHM	489.603	11%	576.838	-8%
Geislafræðingar	435.707	-1%	669.718	7%
Iðjubjálfar	422.531	-4%	448.600	-28%
Lífendafræðingar	406.457	-8%	593.184	-5%
Sjúkrabjálfarar	424.675	-4%	484.206	-23%
Þroskabjálfarar	398.491	-10%	456.976	-27%
Læknafélag Íslands	679.850	54%	1.195.454	91%
Skurðlæknafélag Íslands	858.212	95%	1.593.545	155%
Bókasafns- og upplýsingafr	444.247	1%	488.131	-22%
Dýralæknar	536.137	22%	655.816	5%
Félagsráðgjafar	458.651	4%	488.238	-22%
Félagsvísindamenn	501.643	14%	570.878	-9%
Fræðagarður	464.878	6%	544.251	-13%
Hásk. Stjórnarráðsins	521.528	18%	570.848	-9%
Háskólakennarar	445.250	1%	504.373	-19%
Háskólakennarar Ak	461.066	5%	547.433	-12%
Kennarar	434.517	-1%	550.941	-12%
Ljósmaður	483.261	10%	696.090	11%
Lögfræðingar	519.041	18%	652.181	4%
Matvæla og næringarsvið	439.850	0%	483.121	-23%
Náttúrufraðingar	467.403	6%	534.834	-14%
Prófessorar	653.279	48%	664.982	6%
Sálfræðingar	495.536	13%	540.577	-14%
Tæknifræðingar	541.571	23%	670.940	7%
Verkfræðingar	551.425	25%	694.152	11%
Viðskipta- og hagfr.	521.630	18%	663.919	6%

Meðaltalslaun stéttarfélag mars 2015

	Dagvinna	Mismunur á dagvinnu %	Heildarlaun	Mismunur á heildarl. %
Hjúkrunarfræðingar	444.746	0%	631.761	0%
BHM	498.249	12%	590.144	-7%
Geislafræðingar	455.737	2%	660.513	5%
Iðjubjálfar	439.888	-1%	453.178	-28%
Lífendafræðingar	416.302	-6%	577.611	-9%
Sjúkrabjálfarar	433.694	-2%	483.934	-23%
Þroskabjálfarar	409.163	-8%	463.893	-27%
Læknafélag Íslands	861.908	94%	1.353.283	114%
Skurðlæknafélag Íslands	1.083.111	144%	1.758.414	178%
Bókasafns- og upplýsingafr	456.323	3%	507.348	-20%
Dýralæknar	535.704	20%	621.498	-2%
Félagsráðgjafar	465.856	5%	488.900	-23%
Félagsvísindamenn	516.796	16%	578.088	-8%
Fræðagarður	475.292	7%	542.698	-14%
Hásk. Stjórnarráðsins	535.113	20%	625.245	-1%
Háskólakennarar	460.429	4%	526.896	-17%
Háskólakennarar Ak	494.567	11%	588.471	-7%
Kennarar	465.865	5%	590.007	-7%
Ljósmaður	489.254	10%	677.775	7%
Lögfræðingar	532.607	20%	653.812	3%
Matvæla og næringarsvið	447.303	1%	489.790	-22%
Náttúrufraðingar	479.763	8%	571.939	-9%
Prófessorar	682.776	54%	759.829	20%
Sálfræðingar	506.976	14%	544.791	-14%
Tæknifræðingar	561.651	26%	689.407	9%
Verkfræðingar	561.187	26%	715.407	13%
Viðskipta- og hagfr.	536.674	21%	674.488	7%

Fjöldi stöðugilda	Stöðugildi kk	Stöðugildi kvk	Samtals
Hjúkrunarfræðingar	39,4	1.577,7	1.617,1
BHM	182,1	3.009,7	4.830,7
Geislafræðingar	0	80,0	80,0
Iðjubjálfar	0	64,4	64,4
Lífendafræðingar	0	187,3	187,3
Ljósmaður	0	165,2	165,2
Sjúkrabjálfarar	0	91,6	91,6
Þroskabjálfarar	0	25,0	25,0
Læknafélag Íslands	447,6	322,8	770,4
Skurðlæknafélag Íslands			63,8
Bókasafns- og upplýsingafr		92,8	92,8
Dýralæknar	17,8	20,4	38,2
Félagsráðgjafar	0	78,2	78,2
Félagsvísindamenn	33,5	57,1	90,6
Fræðagarður	238,3	341,7	580,0
Hásk. Stjórnarráðsins	170,1	277,3	447,4
Háskólakennarar	338,5	501,9	840,4
Háskólakennarar Ak	30,3	77,6	107,9
Kennarar	571,1	773,4	1.344,5
Lögfræðingar	149,0	215	364,0
Matvæla og næringarsvið			32,9
Náttúrufraðingar	340,8	305,0	645,8
Prófessorar	186,5	80,6	267,1
Sálfræðingar	93,7	27,4	121,1
Tæknifræðingar	94,9		94,9
Verkfræðingar	167,5	48,3	215,8
Viðskipta- og hagfr.	226,8	251,9	478,7

Heimild: Gögn um meðaltalslaun starfsmanna ríkisins í mars 2015. Sótt á vef Fjármálaráðuneytisins júní 2015.